

Samþykkt um kjör fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélagsins

1.gr Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að fulltrúar fái laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ.

2.gr Þóknun vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir:

Fyrir hvern dag skal greiða sem nemur einum bæjarstjórnarfundi.

3. Gr Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega.

4.gr Laun kjörstjórnar

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Launanefndar sveitarfélaga, lfl. 125. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum.

5.gr

Um ferðir og gistingu

Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins, leigja bíl eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir fæði og gistingu. Greitt er eftir ákvörðun ríkisskattstjóra um ferðakostnað á hverjum tíma.

Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Miðast greiðslur per. ekinn km. af ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað. Fyrir akstur á eigin bíl til og frá Reykjavík skal greiða ígildi flugfars til og frá Reykjavík.

Um ferðir til útlanda gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki bæjarráðs fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram.

Bæjarfulltrúi skal hafa samráð við bæjarstjóra áður en ferðamáti er ákveðinn.

6. Gr

Um fjármálaráðstefnu og ársþing SASS

Öllu aðalfulltrúum í bæjarstjórn er heimilt að sækja fjármálaráðstefnu sveitarfélaga ár hvert sem og ársþing SASS.

5. Gr.

Skil á skýrslu

Viðkomandi fulltrúi ber ábyrgð á að koma réttum upplýsingum til launafulltrúa sveitarfélagsins.

6. Gr.

Gildistími

Reglurnar taka þegar gildi.

Samþykkt í bæjarráði 7. febrúar 2011

